150. löggjafarþing 2019–2020.
Þingskjal 1589 — 902. mál.

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um tollverði á Austurlandi.

Frá Líneik Önnu Sævarsdóttur.

1. Hversu mörgum tollvörðum hefur verið sagt upp störfum í kjölfar sameiningar embætta ríkisskattstjóra og tollstjóra og hversu margir þeirra eru búsettir á Austurlandi?
2. Hversu margir tollverðir koma að afgreiðslu ferjunnar Norrænu í hverri ferð?
3. Hvað fóru tollverðir margar ferðir frá suðvesturhorninu til að sinna tollskoðun á Austurlandi hvert ár 2010–2019 og hversu margar slíkar ferðir eru áætlaðar árlega eftir breytingar á starfsmannahaldi Skattsins á árinu 2020?
4. Hver er áætlaður kostnaður við þessar ferðir og hvert er áætlað kolefnisspor þeirra?
5. Hafa tollverðir búsettir á Austurlandi sinnt fleiri verkefnum en afgreiðslu ferjunnar og ef svo er, hvaða verkefnum?
6. Telur ráðherra að núverandi mannafli á Austurlandi sé nægjanlegur til að sinna tollskoðun þar?
7. Er tryggt að tollskoðun geti farið fram á Austurlandi allan ársins hring?

Skriflegt svar óskast.